



Almennt

Lögmönnum og öðrum starfsmönnum Laga & Innheimtu ehf. er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem um er fjallað og því verki, sem í té er látið. Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast, sbr. 1. mgr. 24. gr. lögmanna laga nr. 77/1998.

Eftirfarandi gjaldskrá hefur að geyma almennar reglur um gjaldtöku í löginnheimtu. Gjaldskráin á að leiða til sanngjarnrar gjaldtöku fyrir vinnu lögmanns að dæmigerðu innheimtumáli. Við ákvörðun gjaldtöku getur lögmaðurinn vikið frá gjaldskránni.

Stjórn Lögmannafélags Íslands á ætíð úrskurð um endurgjald fyrir störf lögmanna.

Lögum samkvæmt, ber að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu lögmanna. **Samkvæmt þessu leggst virðisaukaskattur við alla þóknunarliði í gjaldskránni.**

Gjaldskráin gildir frá og með útgáfudagsetningu um þjónustu skrifstofunnar nema sérstaklega sé um annað samið. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara miðað við breytingar á almennu verðlagi.

1. gr. Innheimtuþóknun

- a) Í málum sem send eru út löginnheimtubrэф er greitt fast gjald að viðbættu hlutfalli af samtölu höfuðstóls og vaxta sem hér segir:
- Innheimtugjald kr. 7.900, að viðbættum:
 - 25% af fyrstu kr. 95.000
 - 15% af næstu kr. 555.000
 - 10% af næstu kr. 850.000
 - 5% af næstu kr. 3.000.000
 - 2% af því sem umfram er.
 - Með ítrekun löginnheimtubrэфs bætast við kr. 7.900 á ofangreint gjald
- b) Í málum sem stefnt hefur verið fyrir héraðsdómi, sem lýkur án aðalmeðferðar með áritun eða greiðslu, hvort sem er fyrir eða eftir þingfestingu, skal þóknun vera sem hér segir:
- Grunn gjald kr. 17.900 (stefnugerð)
 - Málskostnaður kr. 25.000, að viðbættum
 - 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 800.000
 - 12% af næstu kr. 1.200.000
 - 10% af næstu kr. 2.500.000
 - 5% af næstu kr. 8.500.000
 - 3% af því sem umfram er
 - Ljúki málum með sátt greiðist þóknun skv. ofangreindu að viðbættum kr. 8.000 fyrir ritun sáttar.
- c) Í málum sem stefnt er fyrir héraðsdómi og fara í aðalmeðferð skal þóknun vera sem hér segir:
- Grunn gjald kr. 17.900 (stefnugerð)
 - Málskostnaður kr. 25.000, að viðbættum
 - kr. 6.250 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur í vinnu lögmanns, eða sem samsvarar kr. 25.000 á klukkustund
- d) Fyrir ritun greiðsluáskorunar eða kröfúlýsingar skal þóknun vera sem hér segir:
- Grunn gjald kr. 12.500
- e) Fyrir ritun beiðni, s.s. aðfararbeiðni, nauðungarsölubeiðni, afturkallanir, gjaldþrotaskiptabeiðni o.fl. þ.h. þar sem liggur fyrir heimild til fullnustugerða skal þóknun vera sem hér segir:
- Grunn gjald kr. 12.500

- f) Þóknun fyrir hverja mætingu í mót í héraðsdómi og sýslumanni er sem hér segir:
 - Grunnjald kr. 12.500. + 3.200 kr akstur
- g) Sé mál flutt fyrir aðila, búsettan erlendis, skalsá aðili, auk málflutningsþóknunar skv. þessari grein, greiða allt að 5% af fjárhæð þeirra hagsmuna, sem málflutningsþóknun reiknast af. Beita skal ákvæðum greinar þessarar um málflutning fyrir dómi eða stjórnvaldi eftir því sem við á.
- h) Þóknun vegna gerð skriflegrar dómssáttar um greiðslu kröfu er kr. 12.500
- i) Þóknun vegna uppflettinga á vanskilaskrá, hlutafélagaskrá eða í öðrum gagnagrunnum er sem hér segir:
 - Grunnjald kr. 1.400 fyrir hverja uppflettingu á vanskilaskrá.
 - Hlutafélagaskrá kr. 2.500
 - Eignaleit kr. 2.500
 - Önnur skjöl kr. 3.500
- j) Þóknun vegna innheimtu á kröfu í erlendri mynt, þegar báðir aðilar eru með íslenska kennitölu, er sem hér segir. Sé um erlenda kennitölu að ræða verður það metið í hvert skipti.
 - Grunnjald kr. 48.000 að viðbætti árangurstengdri þóknun skv. a)-lið.

2. gr. Uppgjör við kröfuhafa

- a) Greiðandi kröfu greiðir innheimtukostnað að meginreglu skv. 1. gr. og skulu greiðslur því ráðstafast skv. eftirfarandi röð:
 - Fyrst: í greiðslu þóknunar og kostnaðar í máli
 - Næst: í greiðslu vaxta
 - Síðast: í greiðslu höfuðstóls
- b) Kröfuhafi greiðir ávallt dæmdan málskostnað, sem og grunnjöld skv. 1. gr. í málum þar sem löginheimta reynist árangurslaus innan 90 daga. Kröfuhafi greiðir tímagjald skv. 1. gr. í þeim málum sem farið hafa í aðalmeðferð. Lögum & Innheimtu er heimilt að innheimta ofangreind gjöld af kröfuhafa eftir að til þeirra hefur verið stofnað, hafi greiðandi ekki þegar greitt eða samið um greiðslur. Greiddur kostnaður kröfuhafa er tekinn inn í uppgjör þegar/ef greiðandi hefur innt af hendi greiðslur.
- c) Öll frávik frá þessari gjaldskrá skulu vera gerð með skriflegum samningi við kröfuhafa.

3. gr. Ákvörðun þóknunar í sérstökum tilvikum

Lög & Innheimta ehf. sinnir að meginstefnu ekki öðrum verkefnum en innheimtumálum. Að beiðnikröfuhafa er þó heimilt að taka við öðrum lögfræðilegum verkefnum og leita til samstarfsaðila Laga & Innheimtu ehf. við úrlausn málsins.

Þegar um er að ræða lögmannspjónustu sem ekki fellur undir gjaldskrá þessa, er við ákvörðun þóknunar tekið tillit til mismunandi aðstæðna, þ.á m. eðlis vinnunnar og umfangs, ábyrgðar lögmannsins, hagsmuna viðskiptamannsins, vinnuframlags og niðurstöðu máls. Þá er og tekið tillit til þeirrar reynslu og sérþekkingar, sem viðkomandi lögmaður hefur aflað sér á viðkomandi réttarsviði sem og þeim kostnaði sem hann kann að hafa haft vegna sérfræðiráðgjafar í málinu.

Fyrir verkefni, sem af ástæðum er varða viðskiptamanninn þarf að vinna utan reglulegs vinnutíma, í öðru landi, á erlendu tungumáli eða við sérstaklega erfiðar aðstæður eða flyta þarf afgreiðslu sérstaklega á, getur lögmaður áskilið sér hærri þóknun en ella.

4. gr. Virðisaukaskattur

Við allar þóknunarfrjárhæðir samkvæmt gjaldskrá þessari bætist 24% vsk. í ríkissjóð.

Reykjavík 20. febrúar
2020
f.h. Laga & Innheimtu ehf.
Þorgeirs Þorgeirssonar, hdl.